

1854.
30. septbr. 2. að leggja megi konungsjörðina Viðvík til hins sameinaða brauðs Hóla, Viðvíkur og Hofstaða til fullrar eignar, til ábýlisjarðar fyrir prestinn í brauðinu, en ljensjörðin Hjaltastaðir og hjáleigurnar Hjaltastaðahvammur og Hjaltastaðakot, sem nú eru eign Flugumýrar og Hofstaðabrauðs, skulu þá verða konungseign.

14. októbr. 91. Brjef dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins um skipgjald.

Stiptamtmaðurinn hafði sent til stjórnarinnar brjef frá bæjarfóetanum í Reykjavík, er það um úrskurð stjórnarinnar um það:

1. hvort að taka megi gjöld þau, sem ákveðin eru í aukatekjureglugjörðinni 10. september 1830. 62. gr., fyrir að fá ný skipaskjöl, ásamt gjaldi því, er til er tekið í 8. gr. laganna 15. apríl þ. á.

2. hvort líka megi taka gjald það, sem ákveðið er í tilskipun 11. september 1816, 11. gr., ásamt gjaldi því, er til er tekið í 8. gr. laganna 15. apríl þ. á., þar eð það er ákveðið með sjerstöku lagabóði, og

3. ef að þessu sje neitað, hvort hann (bæjarfóetinn) þá ekki geti fengið uppbót fyrir gjald það, er hann hefur haft fyrir að endurnýja skipaskjöl, samkvæmt opnu brjefi 28. desember 1836, 15. gr., og kveður hann gjöld þessi, sem eptir lögnum 15. apríl ekki á að gjalda framvegis, hafa verið hjerumbil 30 rda á ári í Reykjavíkurl þinghá.

Þessu svaraði stjórnin á þessa leið:

1. Þar eð lögin 15. apríl þ. á. leggja ekki þessum valdsmanni önnur störf á herðar, er siglingar snerta, heldur en hann hafði eptir hinni eldri löggjöf, getur það ekki verið umtalsmál, að heimta megi gjald það, sem talað er um í aukatekjureglugjörðinni 10. september 1830, 62. gr., eða nokkurn hluta þess, ásamt gjaldi því sem ákveðið er í áður nefndum lögum.

2. Þó nú svo væri, að gjald það, sem um ræðir í tilskipun 11. septemb. 1816, 11. gr., væri ekki úr lögum tekið með

áminnstri 62. gr. í aukatekjureglugjörðinni 10. sept. 1830, er þó 1854.
virðist, þar eð menn ekki vita til, að það hafi verið heimað 14. októbr.
síðan hún kom út, þá er það þó nú úr lögum tekið, fyrst að
það er ekki ányjað í lögnum 15. apríl þ. á., enda hafa þau
numið allt burtu, er 11. gr. þessi var byggð á.

3. Íslenzkir valdsmenn geta ekki fengið neinar bætur fyrir
gjöld þau, sem tekin eru af eptir hinu nýja fyrirkomulagi á verzl-
uninni, því það liggur í augum uppi, að embættismenn, sem
hafa aukatekjur að launum, að nokkru eða öllu leyti, geta ekki
bedizt bóta, þó tekjur þessar með seinni lögum sju minnkaðar
eða teknar af með öllu, og jafnvel ekki, þó að þeir verði að
halda áfram að gegna störfum þeim, sem gjöldin eru fyrir, og
þá því síður þegar af lögnum leiðir, að þessi störf hætta. Það
er ekki nema stöku sinnum, þegar þess konar lagabreyting gjörir
einhverjum embættismanni stórskaða, að honum er veitt uppbót
á því, en það er svo langt frá, að slíkt geti komið til greina
sökum lagabreytingar þeirrar, sem orðin er á um íslenzku verzl-
unina, að það er ætlandi, að hún auki fremur en minnki tekjur
íslenzkra valdsmanna.

20. Brjef hinnar íslenzku stjórnardeildar til amtmanns- 13. októbr. ins í norður- og austurumdæminu um borgun fyrir veitingabrjef.

Amtmaðurinn hafði sent til stjórnarinnar fyrirspurn frá prest-
inum á Hofi í Norðurmúlasýslu um það, hvort það væri ekki
móti venju, að hann, er áður hafði goldið hið lögboðna gjald
14 rdi 48 sk., fyrir staðfestingu á veitingarbrjefi fyrir Glaum-
bæjarbrauði í Skagafjarðarprófastsdæmi, skyldi nú aptur gjalda
jafnmikið fyrir staðfestingu 27. marz næstliðinn á veitingarbrjefi
hans fyrir Hofsbrauði.

Stjórnin svarar: að það sje venja að láta gjalda fyrir stað-
festingu á veitingarbrjefum presta eins og almenn lofagjöld (*Be-
villingsgebyrer*), og eigi því að greiða það gjald í hvert
skipti þegar slík staðfesting er veitt.